20.tbl.
27. maí.2025
32 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

## Lausar stöður í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit

**Kennari í 80-100% stöðu í grunnskóladeild**
Menntunar og hæfnikröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari
- Faglegur metnaður
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og jákvæðni
- Kappkosta að sýna nemendum og samstarfsfólki virðingu í hvívetna
- Góð þekking á kennslufræði og hæfni til að beita fjölbreyttum kennsluháttum
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði

**Matráður í 80% stöðu**
Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- hefur yfirumsjón með starfsemi í eldhúsi og annast almenn eldhússtörf
- annast matseld í samræmi við ráðleggingar landlæknis um mataræði barna í leik- og grunnskólum
- er í samstarfi við matráð Þingeyjarskóla varðandi innkaup matvæla og frágang og geymslu á þeim
- annast tilfallandi önnur störf s.s. í tengslum við fundi, aðrar samkomur og uppbrotsdaga

**Hæfnikröfur**

- þarf að hafa góða samskiptahæfni og kappkosta að sýna nemendum og samstarfsfólki virðingu í hvívetna
- matreiðslumenntun er kostur
- þekking/reynsla af daglegum rekstri mötuneytis
- þekking/reynsla af næringarfræði, sérfæði, gæðum og fjölbreytileika matar er nauðsynleg

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og er að innleiða teymiskennslu. Lögð er áhersla á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni.
Stöðurnar eru lausar frá og með 15. ágúst 2025.
**Umsóknarfrestur er til 4. júní 2025.**
Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi

